

Íslenzk náttúra með sinni hrikalegu segurð er máske ekki eins vel fallin til þess að glæða segurðar tilfinninguna og að vekja manninn til djúprar umhugsunar á tilverunni. Samt hefir hún óþrjótandi segurðar uppsprettur fyrir hvert listamans auga. Og líklega er listamanna fæðin á Íslandi, einsog margt fleira, öðru að kenna en því, að hin náttúrlegu skilyrði vanti.

En oss Vestur-Íslendinga skortir næstum alt sem er nauðsynlegt til að þroska listamenzu hæfileikana. Vér höfum enga stórfenga náttúru segurð, né heldur, enn sem komið er, neina verulega möguleika til mentunar í þeim efnum, nema með fyrirhöfn og kostnaði. Þrátt fyrir það mun all lífvænlegur vísir vera til vor á meðal, sem undir réttum kringumstæðum gæti þroskast og orðið þjóðflokk vorum til sóma. En til þess þyrfti hugsunarhátturinn mikið að breytast, því listir, einsog vísindi, þrífast ekki í þeim jarðvegi þar sem alt er metið eftir hagnaði.

Eitt ættum vér að geta haft, og það er heilbrigð smekkvísi. Að láta sér alveg á samá standa um það sem fagurt er og vel á við er jafn ilt og hitt, að elta tízkuna með allri hennar heimsku og smekkleysi. Það er einkenni hinnar sönnu segurðartilfínn. ingar að maðurinn sjálfur hverfi aldrei á bak við skrautið, sem hann ber á sér, en að ytra últitið sé svo, að það á engan hátt sé gagnstætt þeim innri eiginleikum, sem maðurinn hefir til að verða sem fullkomnastur maður.

Trúarbrögðin eru sá þátturinn í andlegu lífi vor Vestur-Íslendinga, sem mest ber á. En, einsog sagan sýnir, er trúin ekki æfinlega einlægust og dýpst þegar mest er deild um kyrkjumálín. Hávaðinn er oft mestur þar sem minst er af verulegri sannfæringu inni fyrir. Þess vegna getur verið algerlega rangt að dæma trúarlífið eftir því hvað efst er á dagskrá í umtali.

Það má segja, að hvergi komi allar lyndiseinkunnir manna betur fram en í trú þeirra. Það sem maðurinn í hjarta sínu vill ekki vera lætur hann heldur ekki trú sína vera. Það er enginn vafi á því að vér Íslendingar látum skynsemina ráða meiru í trúarskoðunum vorum heldur en margt annað fólk. Tilfinninga lífið á ekki mjög mikin þátt í því að ákveða hverju